



Samkvæmt vinnuverndarlögunum skal atvinnurekandi tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað.

Þeirri skyldu er þeim, sem stjórna fyrirtækjum eða stofnunum þar sem 10 eða fleiri vinna, m.a. ætlað að gegna með því að tilnefna **öryggisvörð** á vinnustaðnum. Þessum fulltrúa skal falið að annast öryggiseftirlit, þjálfun og fræðslu. Ennfremur skal stuðla að samstarfi hans við öryggistrúnaðarmann, þ.e. þann sem starfsmenn kjósa til þess að sinna vinnuverndarverkefnum fyrir sína hönd.

**Vinnuverndarlögin:**  
Lög um aðbúnað,  
hollustuhætti og öryggi á  
vinnustöðum nr. 46/1980

Enn hefur slíkur grunnur að skipulögðu vinnuverndarstarfi ekki verið lagður í nærri öllum fyrirtækjum og stofnunum sem ber skylda til þess lögum samkvæmt. Kosning öryggistrúnaðarmanna og tilnefning öryggisvarða hefur víða ekki farið fram.

**Það er orðið tímabært að ráða bót á því, sýna ábyrgð í verki.**

#### Ástæðurnar eru m.a.:

– Heilnæmt og öruggt starfsumhverfi hefur bæði góð áhrif á líðan starfsmanna og rekstur fyrirtækja og stofnana.

– Í lögum og reglum um vinnuvernd eru ítarleg ákvæði um hvernig vinna skal skipulega að því að skapa öryggi og gott starfsumhverfi fyrir atbeina öryggisvarða.

– Fjárhagslegt öryggi rekstrarins er m.a. háð því að stjórnendur sinni lögboðnum skyldum sínum. Slyssvalda margs konar ama og tjóni.

#### Hvað segja lögin?

„Í fyrirtækjum, þar sem eru 10 starfsmenn eða fleiri, skal atvinnurekandi tilnefna einn aðila af sinni hálfu öryggisvörð og starfsmenn skulu tilnefna annan úr sínum hópi öryggistrúnaðarmann. Þeir skulu í samvinnu fylgjast með því, að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við lög þessi.“ (5. gr.)

#### Öryggisnefnd

„Í fyrirtækjum, þar sem eru 50 starfsmenn eða fleiri, skal stofna öryggisnefnd. Starfsmenn kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa og atvinnurekandi tilnefnir tvo fulltrúa. Þessi nefnd skal skipuleggja aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækisins, annast fræðslu starfsmanna um þessi efni og hafa eftirlit á vinnustöðum með því, að ráðstafanir er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi komi að tilætluðum notum.“ (6. gr.)

#### Samstarf

Atvinnurekandi skal stuðla að samstarfi þeirra, sem kjörnir eru til þess að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og þeirra, sem annast heilbrigðisþjónustu og heilsuvernd starfsmanna.

Ennfremur skal hann sjá um að þeir, sem til eru kjörnir að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað, og þeir, sem sitja í öryggisnefnd, fái hæfilegan tíma miðað við verkefnasvið, til þess að gegna skyldum sínum við eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi.“ (8. gr.)

#### Réttur til fræðslu

„Atvinnurekandi skal sjá um, að þeir, sem kjörnir eru til að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi í fyrirtæki hans, fái tækifæri til þess að afla sér nauðsynlegrar þekkingar og menntunar varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.“ (8. gr.) **Vinnueftirlitið heldur reglulega námskeið fyrir öryggisverði og öryggistrúnaðarmenn.**

#### Þátttaka í skipulagningu

Atvinnurekandi skal veita nefndum aðilum hlutdeild í skipulagningu að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað.“ (8. gr.)

**Eðli málsins samkvæmt hentar víða vel að tilnefna verkstjóra eða deildarstjóra öryggisvörð.**

#### Hvað á öryggisvörður að gera?

Í stuttu máli sagt eiga öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður að fylgjast í sameiningu með því að aðbúnaður, hollustuhætti og öryggi sé í samræmi við lög og reglur – og fylgt sé fyrirmælum Vinnueftirlitsins.

Í 13. gr. reglna um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja nr. 77/1982 er verkefnum þessara fulltrúa lýst.

Meginatriðin eru þessi:

- Fara eftirlitsferðir um vinnustaðinn og aðgæta að vélar og tæknibúnaður, hættuleg efni og starfsaðferðir stofni ekki lífi og heilsu starfsmanna í hættu.
- Huga að öryggisbúnaði og notkun persónuhlífa og ástandi þeirra.
- Gæta að þjálfun og fræðslu starfsmanna með tilliti til hollustuhátta og öryggis.
- Fylgjast með að tilkynningarskyldu um vinnuslys og atvinnusjúkdóma sé sinnt.

#### Hvaða réttindi hefur öryggisvörður?

Samkvæmt áður nefndum reglum skal veita öryggisverði allar þær upplýsingar sem geta gagnast honum við vinnu að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustað sínum. T.d. skal tilkynna honum um vinnuslys, atvinnusjúkdóma og óhöpp í fyrirtækinu, bilanir og breytingar sem snerta þau mál og um ábendingar og fyrirmæli frá Vinnueftirlitinu. Skal honum gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum um þetta efni á framfæri.

#### Tími til að sinna öryggistrúnaðarstörfum

Öryggisvörður á rétt á tíma til að sinna verkefnum sínum og einnig tíma til að afla sér fræðslu án þess að verða fyrir tekjutapi. Orðrétt segir í 9. gr. vinnuverndarlaganna:

„Atvinnurekandi ber kostnað vegna starfs að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi og bætir þeim, sem að því vinna, tekjutap, sem af kann að hljótast.“

**Góð þekking öryggisvarðar er forsenda góðs árangurs af starfi hans.**